



Pistill formanns

Nýtt starfsár stjórnar

Gleðilegt sumar, kærur lesendur Tengills og velunnarar starfs KSH. Nú er enn einn veturinn að baki og starfsemi félaganna hefur gengið vel. Það er gott að vita af svo mörgu ungu fólki sem sækir félögin okkar og fær þar tengingu við Jesú Krist og samfélag í hans nafni. Við þökkum ykkur fyrir bænir ykkar og velvilja í garð félaganna og vonum að við fáum að njóta þeirra áfram.

Þann 4. apríl sl. voru aðalfundir KSH, KSF og KSS haldnir, í fyrsta sinn á sama degi. Um var að ræða tilraun sem tengdist heimsókn Cassells Morrell til landsins og tókst hún vel. Nýjar stjórnir voru skipaðar og bjóðum við stjórnarfólk velkomið til starfa um leið og við þökkum fráfarandi stjórnunum fyrir vel unnin störf. Framundan er skipulagsvinna með stjórnunum allra félaganna þar sem rætt verður um endurskipulagningu og framtíðarsýn en eins og við öll vitum er mikilvægt á



Íris Kristjánsdóttir

tímum sem þessum að slík vinna fari fram. Við væntum mikils af þessari vinnu og vonum að árangurinn verði félögunum til gagns og uppbyggingar.

Ég hvet velunnara starfsins að kynna sér það sem fram fer innan KSS og KSF, mikilvægt er að við fylgjumst vel með því sem er að gerast og gleymum ekki þeim breiða hópi sem þar stendur að baki. Ég hvet ykkur einnig til að biðja fyrir æskulýðsprestinum okkar, Jóni Ómari, sem hefur staðið sig með stakri þrýði þetta ár þó vissulega geti verið erfitt fyrir einn starfsmann að deila kröftum sínum á tvær starfsstöðvar: okkar og KFUM og K. Ég bið þess að við mættum af heilum hug bera hag starfsins fyrir brjósti og leggja okkar af mörkum til að framgangur þess í Jesú nafni gangi sem best.

Kær kveðja frá Írisi Kristjánsdóttur, formanni KSH.



Biblíuleshópur alþjóðanema við HÍ

Á síðastliðnum vetri var stofnaður biblíuleshópur alþjóðanema við Háskóla Íslands. Hópurinn hittist vikulega á heimili Aiden James Bell, sem hefur tekið virkan þátt í starfi KSF undanfarið. Aiden mun starfa sem alþjóðafulltrúi KSF í HÍ næsta skólaár og vinna að auknu starfi KSF meðal alþjóðanema skólans. Á síðasta ári stunduðu 800 alþjóðanemar nám við HÍ og er því um brýnt verkefni að ræða.

KSS-ingar spila fótbolta rétt fyrir miðnætti á haustmánuðum. Ekki fylgir sögunni hvernig leikurinn endaði.

H₂O á Skólamóti í Vatnaskógi

Vorskólamót var að venju haldið um bænadagana í Vatnaskógi. Á mótinu voru rúmlega 60 þátttakendur ásamt leiðurum, ræðumönnum og sjálfboðaliðum í eldhúsinu. Þema mótsins var H₂O eða vatn. Unnið var með þemað út frá skírinni og leið okkar á vegferð trúarinnar til vaxtar og þroska. Ræðumenn voru sr. Ólafur Jóhannesson, sr. Ragnar Gunnarsson, Baldur Hallgrímur Ragnarsson og sr. Jón Ómar Gunnarsson. Ólafur fjallaði um skírinnina, Ragnar fjallaði um tákmynd vatns í Biblíunni, Baldur Hallgrímur

flutti ræðu út frá frásögunni um samversku konuna í fjórða kafla Jóhannesarguðspjalls og Jón Ómar var með biblíulestur um vöxt og þroska í trúarlífinu. Stjórn KSS undirbjó skemmtilega dagskrá og tókst vel til. Leiðarar á mótinu voru Anna Arnardóttir, Árni Inaba Kjartansson, Dagný Guðmundsdóttir, Hermann Ingi Ragnarsson, Guðmundur Karl Einarsson og Jón Ómar Gunnarsson. Um eldamenskuna sáu þau Rákel Brynjólfsdóttir ráðskona, Sólveig Reynisdóttir og Jessica Leigh Andrésdóttir.



Ný stjórn KSH

Í stjórn KSH fyrir starfsárið 2008 – 2009 sátu Íris Kristjánsdóttir, Anna Hilmarsdóttir, Gísli Jónsson, Salvar Geir Guðgeirsson, Rákel Brynjólfsdóttir, Erla Guðrún Arnmundardóttir, Þóra Jenny Benónýsdóttir og Hilmar Einarsson. Varamenn voru þær Ragnhildur Ásgeirsdóttir og Mjöll Þórarinsdóttir. Salvar Geir Guðgeirsson gaf ekki kost á sér til endurkjörs eftir gott starf undanfarin ár. Bjarni Gíslason var kjörinn í hans stað. Stjórn KSH starfs-

árið 2009 – 2010 skipa því: Íris Kristjánsdóttir 38 ára, Anna Hilmarsdóttir 53 ára, Gísli Jónsson 35 ára, Rákel Brynjólfsdóttir 26 ára, Bjarni Gíslason 48 ára, Bogi Benediktsson 20 ára sem fulltrúi KSS, Þóra Jenny Benónýsdóttir 27 ára sem fulltrúi KSF og Práinn Haraldsson 25 ára fulltrúi KFUM og KFUK á Íslandi. Í varastjórn sitja Mjöll Þórarinsdóttir 39 ára og Lára Halla Sigurðardóttir 21 árs laganemi við HÍ.




Ný stjórn KSS

Þann 4. apríl síðastliðinn var aðalfundur KSS haldinn að Holtavegi 28 frá 13:00-16:00. Úr stjórn gengu þau Hilmar Einarsson, formaður, Anna Elísa Hilmarsdóttir, Kristbjörg Harðardóttir og Gylfi Bragi Guðlaugsson. Í nýkjörinni stjórn KSS sitja Bogi Benediktsson (FB) formaður, Hildur Kjartansdóttir (Kvennó) ritari, Kristinn Þór Reed (MK) gjaldkeri, Marta E. Ingólfsdóttir (Flensborg) kynningar- og bænafulltrúi og Árni Gunnar Ragnarsson (Kvennó) samfélagsfulltrúi. Það mæðir mikið á þeim og því brýnt að biðja fyrir starfi þeirra.

Nýr eldri fulltrúi

Erla Guðrún Arnmundsdóttir var eldri fulltrúi í stjórn KSS 2008 – 2009 ásamt því að vera fulltrúi KFUM og KFUK í stjórn KSH á sama tímabil. Erla Guðrún hefur orðið frá að hverfa vegna anna og nýrra verkefna. Erla Guðrún sinni á þessum tíma ýmsum trúnaðarstörfum fyrir KSS og KSH auk þess sem að hún var ræðumaður á fundum og leiðari á skólamótum. Eru Erlu þökkúð góð störf á starfsárinu. Nýr eldri fulltrúi fyrir starfsárið 2009 – 2010 hefur verið skipaður af stjórn KFUM og KFUK og mun Práinn Haraldsson sinna því mikilvæga hlutverki. Práinn hefur starfað talsvert á vettvangi KSS og KSF sem formaður og gjaldkeri í stjórnnum beggja félaganna.



Stúdentamót í Ölveri

Stúdentamót KSF var haldið þann 30. janúar til 1. febrúar í sumar-
búðunum Ölveri. Þema mótsins var
„Trúlofuð Guði“ og fengum við ræðu-
mennina Ólaf Jóhann Borgþórsson,
Ólaf Jóhannsson, Guðna Má Harðar-
son og Ásdísi Björnsdóttur til að ræða
við okkur um efni tengt þemanu. Einn
af ræðumönnunum okkar forfallaðist á
síðustu stundu en þökk sé
guðfræðingnum Salvari Geir
Guðgeirssyni þá breyttum við ræðunni
í sameiginlegan biblíulestur og
umræður. Skráningin á mótið fór fram
úr björtustu vonum stjórnarmeðlima en
24 voru skráðir á mótið og nokkrir
komu í dagsheimsókn til okkar.
Matreiðsla var í höndum Súsönnu
Steinþórsdóttur og hana aðstoðuðu
Hafdís María Matsdóttir og Agnes
Porkelsdóttir. Mótið var í alla staði
frábært og mikil blessun fyrir þá sem
voru með okkur.



Á stúdentamóti var umhverfið nýtt til hins ítrasta. Þannig braust út mikið
snjóstríð milli kynjanna þar öllum brögðum var beitt til að koma höggi á
andstæðinginn. Allt var þetta þó í mesta bróðerni og ekki langt í brosið.

Ný stjórn KSF

Ný stjórn KSF var kjörin á aðalfundi
félagsins þann 4. apríl 2009. Úr stjórn
KSF gengu þær Guðlaug Jökulsdóttir
og Hlín Stefánsdóttir. Því miður tókst
kjörnefnd ekki að stilla upp 5 manna
kjörlista og voru aðeins þrír í kjöri. Nýja
stjórn skipa því Þóra Jenný Benónýs-
dóttir formaður, Guðmundur Karl
Einarsson gjaldkeri og Arnór
Heiðarsson ritari. Höfum stjórnarfólkið
í huga í bænum okkar.

Sumarfundir KSS

Þriðjudagar kl. 20:00
Holtavegi 28
www.kss.is

Sumarfundir KSF

Annar hvern fimmtudag.
Nánar auglýst á
www.ksf.is



Af vettvangi IFES

IFES (International Fellowship of
Evangelical Students) eru alþjóða-
samtök kristilegra skólahreyfinga, en
innan samtakanna eru 152 skóla-
hreyfingar sem starfa á vettvangi
framhaldsskóla og háskóla. Á hverju
ári standa samtökin fyrir fjölmörgum
námskeiðum. Æskulýðsprestur KSH
tekur þátt námskeiði fyrir unga leiðtoga
í skólastarfi ásamt framkvæmda-
stjórum annarra skólahreyfinga í
Evrópu, sem hófu störf 2007 – 2009.
Hann sótti einnig framkvæmdastjóra-
fund IFES í Evrópu í Þýskalandi í maí.

Fulltrúi KSH á leiðtoganámskeið IFES

Í sumar stendur Evrópudeild sam-
takanna fyrir metnaðarfullu námskeiði
fyrir stúdenta dagana 28. júlí til 8.
ágúst í Póllandi. KSH stefnir að því að
senda einn til tvo fulltrúa til þátttöku í
námskeiðinu.

www.formacion2009.ifeseurope.org



Vilt þú leggja lið?

Öflugt starf KSS og KSF hefur borið mikinn ávöxt. Þúsundir ungra Íslendinga í framhaldsskólum og háskólum hafa tekið þátt í starfi félaganna og fengið að kynna Jesús Kristi. Það kemur ósjaldan fyrir að fólk hafi samband við æskulýðsprest til þess að koma á framfæri þakklæti fyrir starfið og þau ár sem það tók þátt í starfi félaganna.

Við verðum að hlúa vel að KSS og KSF svo starfið megi áfram vera öflugt. Margir leggja starfinu lið með beinum og óbeinum hætti. Fjölmargir biðja reglulega fyrir starfinu, ræðumenn á fundum og mótum ásamt leiðurum gera allt í sjálfböðavinnu, auk eldri fulltrúa, stjórnarmanna, tæknimanna, kynningarnefndar, árhátíðarnefndar, mótsnefnda, sjoppustjóra, skemmtinefndar, samfélagsnefndar og vefnefndar.

Rekstrarkostnaður KSH er ekki mikill, einungis einn starfsmaður í hálfu starfi sinnir daglegum rekstri. Allt annað sem unnið er fyrir hreyfinguna er unnið í sjálfböðaliðastarfi. Allt það fé sem látið er af hendi rakna til KSH fer í starfið. Reksturinn hefur verið í jánnum undanfarin ár, þó var góður afgangur af rekstri ársins 2008. Fjárhagsstaðan er hvergi nærri nægilega góð til þess að hægt sé að auka starfshlutfall æskulýðsprests. Ýmsir sjóðir leggja lið, en sumir munu líklega draga framlög sín saman vegna samdráttar í efnahagslífinu það er því mikilvægt að fleiri gamlir (síungir) KSS- og KSF-ingar taki þátt í gjafakerfinu.

Vilt þú leggja lið?

Eins og áður sagði leggja fjölmargir KSS, KSF og KSH lið með bænum sínum, vinnuframlagi og fjárstuðningi. Á síðasta ári lagði gjafakerfi KSH

1.300.000 til hreyfingarinnar, en að baki því standa um 60 styrktarmenn. Viljir þú leggja lið með því að ganga í gjafakerfið þá er það einfalt mál, hafðu samband við Jón Ómar í síma 588 8899 eða Gísla Jónsson gjaldkera KSH í síma 822-4035. Hægt er að gefa til starfsins með því að nota greiðsluupplýsingarnar hér að neðan. Einnig er hægt að borga reglulega með Visa eða Euro, eða þá að fá reglulega greiðsluseðil sendan heim. Þeir sem eru vel kunnugir heimabankanum sínum geta einnig búið til reglulegar millifærslur á reikning KSH.

Kæru lesendur Tengils, takk fyrir stuðninginn og Guð blessi ykkur!



Kristilega skólahreyfingin - KSH

Kt. 510479-0259 - Holtavegi 28 - 104 Reykjavík - Sími 588 8899 - www.ksh.is

Greiðandi:

Kt.

Upphæð:

Lagt inn á reikning 0117-26-119105